


DEILISKRÁNING FORNLEIFA Í STUTTÁRBOTNUM, HÚSAFELLI VERKEFNISNÚMER: 3043




Dr. Kevin Martin
Fornleifafræðingur
Sóltún 6A, Hvanneyri.
Sími: 7734748
Netfang: irisharch@gmail.com
2023

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Lög um skráningu fornleifa á Íslandi	8
Fyrri fornleifaskráningar í nágrenninu	10
Skoðun á gagnagrunninum Sarpi.....	11
Skoðun á eldri kortum af svæðinu.....	13
Fornleifaskráning rannsóknarsvæðisins	14
Ráðleggingar.....	15
Heimildarskrá.....	19

*Forsíðumynd: Kort af deiliskipulaginu ásamt rannsóknarsvæði. (KM 2023)

Inngangur



Mynd 1: Staðsetning rannsóknarsvæðisins (rauður punktur) í Húsafelli, Borgarbyggð (Google Basemap)

Í maí 2023 hafði Þórður Kristleifsson samband, fyrir hönd Húsafells Hraunlóða ehf, við höfund og óskaði eftir fornleifamati á landi sem kallast Stuttárbotnar í Húsafelli (Mynd 1). Ástæða þessarar skráningar er endurvinnna við deiliskipulag. Nánar er farið yfir það í skjalinu: *Borgarbyggð – Húsafell, Stuttárbotnar – Frístundabyggð, Fyrirhuguð vinna við Deiliskipulag, Skipulagslýsing, 20.12.2022*:

“Skipulagssvæðið afmarkast af Hvítá, Hálsasveitarvegi (518), deiliskipulagssvæði frístundabyggðar í Niðurskógi, og deiliskipulagi flugvallar og vatnsaflsvirkjunar. Skipulagssvæðið er fremur flatt og einkennist af hrauni og birkikjarri. Þrír aðkomuvegir eru inn á svæðið frá Hálsasveitarvegi. Skipulagssvæðið er um 111 ha, sjá afmörkun á forsiðu.

Skipulagssvæðið er að miklu leyti byggt og mótað enda er um að ræða svæði sem uppbygging frístundabyggðar hófst upp úr 1960. Á svæðinu eru þegar um 150 frístundahús, hótél, verslun, sundlaug, golfvöllur, tjaldsvæði, flugskýli, íbúðarhús, virkjanir o.fl.

Uppbygging á svæðinu er að mestu í samræmi við deiliskipulagstillögu frá árinu 1987, en tillagan tók ekki gildi vegna formgalla í málsmeðferð.

Deiliskipulag var aftur unnið fyrir svæðið á árunum 2015-2016 og var það deiliskipulag samþykkt í sveitarstjórn 14. apríl 2016 og sent Skipulagsstofnun. Í umsögn sinni gerði Skipulagsstofnun nokkrar athugasemdir við deiliskipulagið og var gildistaka þess ekki auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Ekki var unnið frekar með athugasemdir Skipulagsstofnunar og vegna þess er ekkert deiliskipulag í gildi fyrir skipulagssvæðið.

Nú er að nýju að hefjast vinna við deiliskipulag svæðisins sem er að mestu byggt á deiliskipulaginu sem samþykkt var árið 2016. Þó hefur skipulagssvæðið stækkað og nær það nú einnig til svæðis umhverfis Hótél Húsafell en deiliskipulag fyrir það svæði verður fellt úr gildi, sjá kafla 4.2.

Viðfangsefni deiliskipulagsins er að skipuleggja núverandi og fyrirhugaða frístundabyggð, verslunar- og þjónustusvæði, ásamt annarri starfsemi á svæðinu. Með tilkomu deiliskipulags fyrir svæðið verður hægt að þróa byggð á svæðinu sem hefur verið erfitt undanfarin ár þar sem ekkert deiliskipulag hefur verið í gildi fyrir meginhluta svæðisins.

Í deiliskipulagi verða skilgreindir byggingarreitir á núverandi og nýjum lóðum og sett ákvæði hvað varðar nýbyggingar, viðbyggingar við núverandi hús eða endabyggingar húsa. Þá verður gerð grein fyrir lóðamörkum, aðkomuleiðum, nýtingarhlutfalli og öðrum þeim ákvæðum sem ástæða verður til að skilgreina í deiliskipulagi.


Deiliskipulagið fellur ekki undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem deiliskipulagið mun ekki fela í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum. Aftur á móti verður gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010“ (Bl 1)

Skipulagssvæðið afmarkast af Hvítá, Hálsasveitarvegi (518), deiliskipulagssvæði frístundabyggðar í Niðurskógi, og deiliskipulagi flugvallar og vatnsaflsvirkjunar. Skipulagssvæðið er fremur flatt og einkennist af hrauni og birkikjarri. Þrír aðkomuvegir eru inn á svæðið frá Hálsasveitarvegi. Skipulagssvæðið er um 111 ha. (Mynd 3). Miðjuhnit svæðisins eru **64.701588, -20.871921 (64°42'05.7"N, 20°52'18.9"W)**, ISN93: **412.725, 468.050**. Nokkrar friðlýstar minjar eru í nálægð við rannsóknarsvæðið. Næstu friðlýstu fornleifar eru á Bjarnastöðum (**Nr. 36000101**), en 100m helgunarsvæði þeirra er í 75m fjarlægð í norður af umræddu svæði. Síðan er Reyðarfell (**Nr. 35001902**), með helgunarsvæði um það bil 270m í suður. við 100m helgunarsvæði. Karlstaðarúst (**Nr. 35001905**) með helgunarsvæði 345m suðaustur af umræddu svæði. Að lokum er það Árnes (**Nr. 35001903**) með helgunarsvæði í 565m fjarlægð vestur af rannsóknarsvæðinu (Mynd 3).


Saga svæðisins

Eftirfarandi texti gefur innsýn í sögu Húsafells.:

„Byggðasaga Húsafell er fyrst nefnt í máldaga kirkjunnar þar frá um 1170 sem Brandur Þórarinsson setti (DI I, 217- 18). Húsafell er nefnt í Þorgils sögu skarða í Sturlunga sögu (SS II, 136, 148). Þorgils kom að Húsafelli og hitti Sigmund prest sem vísaði honum til bæjarins Reyðarfells til að fá leiðsögn um Tvídægru. Húsafell er einnig nefnt í Laxdæla sögu (ÍF V, 227), en þar segir að Brandur Þórarinsson, sonur Guðrúnar Óspaksdóttur og Þórarins Brandssonar hafi sett “stað” þar. Kirkjan í Húsafelli var tekin af með konungbréfi árið 1812, en 1973 var vígð kapella í Húsafelli, teiknuð af Ásgrími Jónssyni málara (Guðmundur Ólafsson 1996, 85). 1686: eign Skálholts dýrleiki 20 hdr. 1695: sama (Björn Lárusson 1967, 149). 1709: “Kirkjustaður annecteraður með Ási og Kalmanstúngu. Um þessa jörð eru og hafa verið um lángar stundir tvennar meiningar, hvert hún sje beneficium eður Skálholtsstaðar dómkirkju jörð. ... Jarðardýrleiki óviss, því jörðin tíundast öngvum.” (JÁM 4, 255-56)“. (Sveinbjarnadóttir 2005)



Mynd 2: Kort af fyrirhuguðu skipulagssvæði í Stuttárbotnum. Ytri mörk svæðisins eru sýnd með brotalínu. (Landslag 2022)



Mynd 3: Friðlýstar fornleifar og svæði sem uppgröftur hefur farið fram á í nágrenni Stuttarbotnar (Minjastofnun Íslands gagnagrunnur)

Með tilvísun í fyrri fornleifarannsóknir á svæðinu frá 2018 var gerður prufuppgröftur (Leyfisnúmer **2018090079**) af höfundi á 19. aldar vatnsmyllu um 436m suður af rannsóknarsvæðinu (Mynd 3) Merkt með grænu merki.

Eftirfarandi texti er samantekt niðurstaða úr þeirri rannsókn:

Í október 2018 var framkvæmd prufurannsókn/uppgröftur af Kevin Martin fornleifafræðing á því sem eftir er af vatnsmyllu sem talin er hafa byggð og notuð á seinni hluta 19. aldar og þeirri 20. Skurður, 6,5 m langur og 1m breiður var grafinn yfir tóftirnar af mylluhúsinu. Minni skurður 2m x 0.45m var opnaður við lítinn klett þar sem líklegt er að mylluhjólið hafi verið. Steinar í hleðslu fundust sem taldir eru vera úr myllunni. 2-3 hæðir/raðir eru eftir

(0.45m). Vísbendingar um að efrihluti veggjarins hafi hrunið komu fram.

Engir munir fundust sem taldir eru tengjast myllunni' (Martin, 2018)

Lög um skráningu fornleifa á Íslandi

Eftirfarandi tilvitnanir eru af vefsíðu Minjastofnunar Íslands (www.minjastofnun.is). Þar kemur fram núverandi löggjöf á Íslandi er varða fornleifar (Lög um menningarminjar nr. 80/2012). Allar ráðleggingar varðandi fornleifar sem fram koma fylgja þeim reglum í hvívetna. Frekari útlistingar á löggjöfinni má finna í hlekknum hér að neðan.¹

Forngrípir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgað svæði og gilda sömu reglur um það svæði og um fornleifarnar sjálfar. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á fornleifum og á friðhelguðu svæði umhverfis þær eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

1. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

¹ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

3. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
4. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
5. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
6. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
9. skipsflök eða hlutar þeirra.

Varðveislustig fornminja eru tvö: friðun og friðlýsing. Fornminjar (forngripir og fornleifar), 100 ára og eldri, eru sjálfkrafa **friðuð** nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Þá eru skip og bátar eldri en 50 ára sjálfkrafa **friðuð**.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Ráðherra ákveður friðlýsingu að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.

Fyrri fornleifaskráningar í nágrenni

Fimm fornleifarannsóknir hafa verið skráðar í Húsafelli en taka ekki til Stuttárbotna (Mynd 4).

- 2023 Kevin Martin, **(3049)** Deiliskráning Fornleifa í Litlu-tunguskog í Húsafelli.
- 2018 Kevin Martin, **(201809-0079)** *Fornleifarannsókn á gamalli myllu í landi Húsafells*
- 2005 Guðrún Sveinbjarnardóttir, **(1136)** Fornleifaskráning í friðlandinu í Húsafelli Hálsasveit
- 2002 Þóra Pétursdóttir, **(1218)** Fornleifaskráning í Borgarfirði norðan Skardsheiðar IV. Jarðir í Reykholtssdal of um neðanverða Hálsasveit. (Fornleifastofnun Íslands).
- 2005 Ágústa Edwald, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Rúnar Leifsson, **(1191)** Fornleifaskráning í Hvítarsíðuhreppi. (Fornleifastofnun Íslands).
- 1960-65 Þorkell Grímsson 1976. Miðaldabyggð á Reyðarfelli. Minjar og Menntir.



Mynd 4: Svæði sem sýna fyrri fornleifarannsóknir (1191), (3049), (1136) og (1218) á Húsafellssvæðinu. Gul útlína sýnir svæðið í Stuttárbotnum (3043) sem um ræðir (Minjastofnun Íslands gagnagrunnur).

Skoðun á gagnagrunninum Sarpi

Höfundur athugaði gagnagrunninn Sarp en fann ekkert sem gaf til kynna að svæðið í Stuttárbotnum hefði verið skráð.

Það eru skráð nokkur örnefni innan rannsóknasvæðisins og má finna lista yfir þau öll hér að neðan. Hægt er að álykta að þrjú örnefni, *Bullan*, *Gamlamylla* and *Efrimylla* tengist fornleifum í nágrenninu. Nafnatilvísanir koma úr gagnagrunni **Sarps. Tilvísun Nr: 176081-2**

*Rétt þar sem beygjan er á læknum, kemur lind undan kletti. Hún er talin heilsulind. Vatnið bullar þar eins og gosdrykkir. Heitir það **Bullan**. Einmitt þarna, við beygjuna á læknum, er endinn á Laugakeldunni fyrrnefndu. Sunnan við Myllulæk utan við hana heitir **Græniblettur**.*

Myllulækurinn hefir nafn sitt af því, að í honum voru myllur. Voru þær tvær, eða tvö myllustæði.

Efrimylla var, þar sem Bullan er. Hitt, sem var miklu neðar, var kallað **Gamlamylla**. Það efra var skúffuhjól, en í Gömlumyllu var yfirfallshjól. Yfir lækinn rétt hjá Efrimyllunni var brú, sem hét **Steinbrú**.

Tvær uppsprettur koma ofan úr skóginum allvatnsmiklar. Heitir sú vestri **Kiðá**, en sú eystri **Stuttá**. Báðar árnar falla til Kaldár. Þar sem Kiðá myndast, heita **Kiðárbotnar**. Á Kiðá er vað, sem heitir **Hiskotavað**. Dregur það nafn af manni, sem fór eitt sinn yfir hana. Vildi hann ekki blóta, en ef hann þurfti að leggja áherzlu á eitthvað, sagði hann alltaf hiskoti. Neðst á Stuttá var vað niður við Kaldá, sem hét **Askvað**. Það er nú ófært.

Nesið, sem myndast milli ánna, Kaldár, Hvítár og Kiðár, heitir **Kiðárnes**. Í Kiðárbotnum er hvammur, sem heitir **Kiðárbotnakriki**. Í Kiðárnesinu er **Fjárhúslind**, og norðan við Kiðá í skóginum eru grjótréttir, nefndar **Kiðaréttir**². Þær eru margar og dreifðar hingað og þangað um skóginn. Meðfram Kiðá koma í hana hér og þar smáuppsprettur, sem heita **Kiðauppsprettur**.

Þar sem Stuttá verður til, heita **Stuttárbotnar**. Í uppsprettunum er lækur, sem heitir **Lýsislækur**. Hann dregur nafn af því, að þar var lýsi geymt, svo það þránaði ekki. Rétt upp af Stuttárbotnum er laut, sem heitir **Júllulaut**. Hún er kennd við Júlíönu Sveinsdóttur, listmálara. Þetta er með yngri örnefnunum, um 50 ára gamalt.

Norðan við Kaldá, milli Stuttár og Kaldárbotna framan götu er svæði, sem nefnt er **Rjóður**. Það eru blettir hér og þar um skóginn.


Neðsti hluti Húsafellsskógar heitir **Hagaskógur**. Hann er vestan við **Hagagarð**, sem liggur frá Kiðárbotnum og að Hvítá. Sést fyrir honum enn alla leið. Var hann hlaðinn þvert yfir frá Kiðárbotnum að Geitá. Gilsbakki átti til forna allt skógarhögg í Húsafellsskógi vestan við Hagagarð, en Húsafell átti ítak í laxveiði í Kjarrá. Nú er hvort tveggja gengið til baka.

Norður við Hvítá nokkuð frá Hagagarði er hóll, sem heitir **Sjónarhóll**. **Langás** er skógarás, sem nær alveg neðan frá Hvítá og fram á móts við bæ. Hann er skógi vaxinn og nær til landnorðurs frá bæ. Út við Hvítá neðan frá og fram að Geitá er mishæðóttur skógur, sem heitir **Jaðrar**.

² Rústir af steinhlöðnum réttum sjást í dag um 90m vestan við könnunarsvæðið. Þau eru staðsett á N 64° 42' 3" W 20° 53' 28", ISN93: 409810,467988

Skoðun á eldri kortum af svæðinu

Höfundur skoðaði eldri kort af umræddu svæði til að sjá hvort þau sýndu vísbendingar um fornleifar. Á Herföngjaráðskorti (1905-1915) eru Stuttárbotnar ekki að fullu greind eins og sjá má á myndinni hér að neðan (Mynd 5). Austasta svæði rannsóknarinnar er utan Herföngjaráðskortsins. Kortið sýnir Kaldá sem rennur í gegnum rannsóknarsvæðið merkt Stuttá en engar byggingar eða bæir eru sýndar. Húsafells bærinn sést suður af rannsóknarsvæðinu (Mynd 5).



Mynd 5: Herföngjaráðskort (1905-1915) sýnir útlínu Húsafellssvæðisins. Ein sog sést er austasti hluti rannsóknarsvæðisins (rauðmerkt) er fyrir utan kortið (Landmælingar Íslands).

Fornleifaskráning rannsóknarsvæðisins

Höfundur heimsótti rannsóknarsvæðið í Stuttárbotnum í lok maí og byrjun júní 2023. Gengið var um svæðið og það skoðað á þremur dögum í góðu veðri. Allt svæðið var athugað en það svæði sem erfitt var yfirferðar t.d. vegna skóga var skoðað með dróna og með því að rýna í háskerpu loftmyndir af svæðinu frá Svarma. Samsett mynd af svæðinu (orthophoto mosaic) var fengin frá Svarma ehf. og getur notandi þysjað inn allt að 0.5-1 metra fjarlægð án þess að missa skerpu. Hægt er að skoða myndirnar bæði í tvívídd og þrívídd. Þegar skoðað er í þrívídd er hægt að sjá hæðarprófíla af öllu svæðinu. Rannsóknarsvæðið samanstendur af golfvelli í suðurhluta svæðisins, hóteli, sumarhúsum og þéttum birkiskógi í miðju, auk hrauns og birkiskóga í norðurhlutanum sem afmarkast af Hvítá.

Rannsóknin var framkvæmd með Trimble GeoExplorer 6000 Series handmæli til að skrá mögulegar fornminjar. Upplýsingar úr landmælingum voru fluttar inn í QGIS kerfi og aðlagð að svæðinu. Þá voru minjar einnig skráðar niður, þeim lýst, þær mældar og myndaðar.

Alls voru 6 minjar skráðar (Tafla 1). Aðeins þrjár þeirra (Nr. 1-3) eru mögulegar fornminjar sem eru yfir 100 ára og falla undir lög um varðveislu fornminja og þarfnast 15m helgunarsvæðis í kringum sig. Hinar þrjár (Nr. 3-6) eru túlkaðar sem áhugaverðar menningarminjar og þótti höfundi þörf að hafa með í þessari skýrslu.

Nr	Teg.	Hættumat, Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Friðlýst	Mótv.
1	Vatnsmylla (Rúst) kallað <i>Gamlamylla</i>	Uppbygging, ólíkleg	Sæmilegt	1839-1868	Hátt, 7.5	Nei	Rannsókn
2	Línuleg-óregluleg lögun (möguleg rúst) - kannski tengt við vatnsmyllurnar	Uppbygging, ólíkleg	Lélegt	1800-1900	Mid, 5	Nei	Rannsókn
3	Línuleg-óregluleg lögun (möguleg rúst af vatnsmylla sem heitir <i>Efrimylla</i>	Uppbygging, ólíkleg	Lélegt	1800-1900	Mid, 5	Nei	Rannsókn
4	Vað við Kiðárbotna	Uppbygging, ólíkleg		1700-1900	Lítið, 1	Nei	Engar
5	Vað yfir Kiðá sem er kallað Hiskotavað	Uppbygging, ólíkleg		1700-1900	Lítið, 1	Nei	Engar
6	Steyptir brúarstöplar	Uppbygging, ólíkleg	Sæmilegt	c. 20. öldin	Lítið, 1	Nei	Engar

Tafla 1. Tafla yfir skráðar fornleifar/minjar í landi Stuttárbotnum, Húsafell



Mynd 6: Minjar 1-3 sem greindar voru við fornleifarannsóknina og staðsetningar/15m helgunarsvæði i kringum þær. (KM 2023)

Ráðleggingar

Minjar sem fá einkunn hærrí en 5 ætti að forrannsaka og meta svo framhaldið og þær sem fá hærrí einkunn en 7,5 ætti að fullrannsaka. Þegar rannsóknir á einföldum fornleifum eins og veggjum eða mannvirkjum er oft gerður þverskurður á þeim og snið teiknað upp. Svæðið er myndað og leitað er eftir gjóskulagi til að aldursgreina ef þurfa þykir. Stundum er einnig hægt að rannsaka botn varða ef undir þeim finnast gjóskulög, til að meta aldur.

Þrjár minjar voru greindar (Mynd 6). Ein er talin með mikið fornleifagildi eða 7,5 og tvær aðrar taldar með miðlungs gildi eða 5. Þrjár aðrar minjar/svæði með menningasögulegt gildi voru einnig greindar. Þó þær falli ekki undir lög um varðveislu eða friðun er mikilvægt að skrá þær.

Engar minjar eru í hættu vegna tilvonandi framkvæmda. Landeigendur eru meðvitaðir um þessar minjar og hefur þegar verið tilkynnt um staðsetningu þeirra Líklega má sneiða hjá fornleifum í flestum ef ekki öllum tilfellum, en ef ekki þarf að bregðast við því. Bent er á að allar minjar eldri en 100 ára séu friðlýstar og þeim fylgir friðunarsvæði 15 m frá ystu mörkum þeirra. Sjá meðfylgjandi fornleifaskrá fyrir frekari upplýsingar.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands fyrir raski á minjum í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfang og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir. Ef talið sé að öryggi minjanna verði ekki tryggt þarf að sækja um leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Samkvæmt íslenskum lögum um menningarminjar skal eftirfarandi reglum fylgt finnist fornminjar.³

³ <https://www.minjastofnun.is/minjar/fridadar-fornleifar/>

Fundur fornminja

Finnist fornminjar (forngripur eða fornleifar) sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Heimildarskrá

Annálar 1400-1800. 1-8. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1927-1932.

Edwald, A, Hreiðarsdóttir, E.O og Rúnar Leifsson, 2005. *Fornleifaskráning í Hvítársíðuhreppi*. (Fornleifastofnun Íslands).

Húsafell, Stuttárbotnar – Frístundabyggð, Fyrirhuguð vinna við Deiliskipulag, Skipulagslýsing, 20.12.2022

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V. Hnappadals- og Snæfellsnessýsla Kaupmannahöfn, 1931-1933.

Martin, K. 2018. *Fornleifarannsókn á gamalli myllu í landi Húsafells (201809-0079)*

Pétursdóttir, Þ. 2002. *Fornleifaskráning í Borgarfirði, norðan Skarðsheiðar*. IV. Jarðir í Reykholtssdal og um neðanverða Hálsasveit. Fornleifastofnun Íslands.

Sveinbjarnardóttir, G. 2005 *Fornleifaskráning í friðlandinu í Húsafelli Hálsasveit*.

Þorsteinsson, K. 1982. *Húsafell, Borgarfjarðarsýsla, Hálsahreppur*. Örnefnastofnun Íslands. Ari Gíslason skráði.

Þorsteinn Þorsteinsson 2003. Örnefnaskrá fyrir Húsafellsslandareign.

Ö-Kalmanstunga, 2001: Örnefni í Kalmanstungu, yfirfarin og endurskipulögð af Félagi aldraðra í Borgarfjarðardölum. 2001. Örnefnastofnun Íslands.

<http://www.minjastofnun.is/minjar/>

www.sarpur.is

www.nafnið.is


www.islandskort.is


www.lmi.is

<https://www.map.is/minjastofnun/>

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>


Aðal nr.	01
Sýsla	Borgarfjarðarsýsla
Sveitarfélag	Borgarbyggð
Landareign	Stuttárbotnar
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	27.05.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 409593, N 467759
Tegund Minja	Vatnsmylla fornleifar
Ástand	Sæmilegt
Aldur	1839-1868
Minjagildi, Einkunn	Hátt, 7.5
Varðveislugildi, Einkunn 2	Hátt, 7.5
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsett suðvestast á rannsóknarsvæðinu. Tvær minjar greindar. Önnur U forma með op til suðurs. Staðsett í læk sem heitir Myllulækur.
Lýsing	U laga rúst úr torfi og grjóti með um 1.25m háa vegg (allavega 5 steina hæð) og meðal stærð steina 0.4x.025m). Línulaga rústin liggur í NNW-SSE og er 1m á breidd og 0.5m á hæð.
Annað	Áður skoðað og teiknað af Guðmundi Ólafssyni frá Þjóðminjasafni Íslands árið 1989 (Mynd 7). Hann segir að þessa myllu mun Þorsteinn Jakobsson hafa smíðað. Hann var bóndi á Húsafelli 1839 – 1868. (Örnefnaskrá Húsafells, 2003, 3)






Mynd 7: Skissa af vatnsmyllu eftir Guðmund Ólafsson 1989.

Aðal nr.	02
Sýsla	Borgarfjarðarsýsla
Sveitarfélag	Borgarbyggð
Landareign	Stuttárbotnar
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	30.05.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 409740, N 467648
Tegund Minja	Línuleg-óregluleg lögun (möguleg rúst) - kannski tengt við vatnsmyllurnar
Ástand	Lélegt
Aldur	1800-1900
Minjagildi, Einkunn	Mið, 5
Varðveislugildi, Einkunn 2	Mið, 5
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsett í syðri enda rannsóknasvæðisins við lítinn læk sem kallað Myllulækur
Lýsing	Línulaga til óreglulegt form, 4.6m langt, 0.7m breitt, 0.6- 0.7m hátt. Torf og grjót.



Aðal nr.	03
Sýsla	Borgarfjarðarsýsla
Sveitarfélag	Borgarbyggð
Landareign	Stuttárbotnar
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	30.05.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 409800, N 467643
Tegund Minja	Línuleg-óregluleg lögun (möguleg rúst) af vatnsmylla sem heitir <i>Efrimylla</i>
Ástand	Lélegt
Aldur	1800-1900
Minjagildi, Einkunn	Mið, 5
Varðveislugildi, Einkunn 2	Mið, 5
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsett í syðri enda rannsóknasvæðisins um 60m austur af minjum 2.
Lýsing	Línulaga til óreglulegt form. Blanda af stórum steinum og torfi. 5.2m langt x 1.5m breitt, allt að 1m hátt.
Annað	Elst er Efrimylla, þar var undirvagnshjól. Myllusvæðið skemmdist þegar vegur var lagður við hana. – frá (Örnefnaskrá Húsafells, 2003, 3)



Aðal nr.	04
Sýsla	Borgarfjarðarsýsla
Sveitarfélag	Borgarbyggð
Landareign	Stuttárbotnar
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	30.05.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 410144, N 467928
Tegund Minja	Sögulegt vað
Ástand	
Aldur	1700-1900
Minjagildi, Einkunn	
Varðveislugildi, Einkunn 2	
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsett 42m suður af Hiskotavaði. Sást á drónamyndum.
Lýsing	21m langt og 10m breitt. Steinar beggja vegna.



Aðal nr.	05
Sýsla	Borgarfjarðarsýsla
Sveitarfélag	Borgarbyggð
Landareign	Stuttárbotnar
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	30.05.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 410176, N 467985
Tegund Minja	Sögulegt vað
Ástand	
Aldur	1700-1900
Minjagildi, Einkunn	
Varðveislugildi, Einkunn 2	
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsett á vesturhlið Kiðábotna þar sem Kiðá mætir vatninu.
Lýsing	Skrásett í Örnefnaskrá sem vað á Kiðá og heitir Hiskotavað. Stærð er 40m x 20m.
Annað	Þar sem Kiðá féll úr upptakalóni sínu var hægt að ríða hana en það var djúpt nærri því á miðjar síður. Nafnið sagt tilkomið þannig að karl nokkur reið þar yfir og sagði á eftir: „Mikið hiskoti var áin djúp” - (Örnefnaskrá Húsafells, 2003, 15)



Aðal nr.	06
Sýsla	Borgarfjarðarsýsla
Sveitarfélag	Borgarbyggð
Landareign	Stuttárbotnar
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	01.06.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 411182, N 468595
Tegund Minja	Minjar steyppts stöpsuls af brú yfir Hvítá
Ástand	Lélegt
Aldur	20. öldin
Minjagildi, Einkunn	Lítið, 3
Varðveislugildi, Einkunn 2	Lítið, 3
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsett 7m rétt fyrir utan ytri mörk rannsóknarsvæðisins til norðurs við bakka Hvítár
Lýsing	U laga. Steypu og steina grunnur. Veggir 1,5m, 2.8m, 1.9m. 0.15m þykkir and 0.95m háir.
Annað	Norðurhlið þessara brúarstólpa úr steinsteypu var skráð af FSÍ árið 2005. hún fékk númerið MH-002:053. Örnefnaskrá frá 2001 vísar í þetta - Leifar brúarstólpa úr steinsteypu eru skammt neðan við farveginn. Þar var ætlunin að gera göngubrú á áina snemma á 20. öld, en áin mun hafa skemmt syðri stólpann ófullgerðan

